

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 831/2014 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurafurðum til manneldis.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 7. tölul., svohljóðandi:

7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1120 frá 10. ágúst 2018 um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til Sambandsins.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. október 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Iðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1120**

frá 10. ágúst 2018

um breytingu á I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 að því er varðar skrána yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á sendingum af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til Sambandsins

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manneldis (¹), einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar og 4. liður) og 9. gr. (4. mgr.),
með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers efirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis (²), einkum 1. mgr. 11. gr.,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 (³) er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði manna og dýra og kröfur vegna útgáfu vottorða í tengslum við aðflutning til Sambandsins á sendingum af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, og sett fram skrá yfir þriðju lönd þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er heimilaður.
- 2) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 er sett fram skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra sem hefur verið heimilað að flytja sendingar af hrámjólk, mjólkurafurðum, broddi og afurðum, að stofni til úr broddi, til Sambandsins og upplýsingar um þá tegund meðhöndlunar sem krafist er fyrir sliðar vörur.
- 3) Bosnía og Hersegóvina er þegar á skrá í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 og hefur leyfi til að flytja mjólk og mjólkurafurðir, sem hafa fengið meðhöndlun „C“, út til Sambandsins.
- 4) Bosnía og Hersegóvina fór þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá leyfi til að flytja mjólk, mjólkurafurðir, brodd og afurðir, að stofni til úr broddi, sem hafa fengið vægari meðhöndlun, út til Sambandsins. Út frá sjónarmiði dýraheilbrigðis er Bosnía og Hersegóvina þriðja land sem Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin hefur skráð sem land sem er laust við gin- og klaufaveiki án tilskilinnar bólusetningaráætlunar og það uppfyllir því dýraheilbrigðiskröfur Sambandsins vegna innflutnings.
- 5) Framkvæmdastjórnin annaðist heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýrafurðum í Bosníu og Hersegóvinu. Niðurstöður efirlitsins leiddu í ljós tiltekna annmarka, einkum að því er varðar lýðheilsuhætti í starfsstöðvunum. Lögbær yfirvöld í Bosníu og Hersegóvinu eru að taka á þessum annmörkum.
- 6) Á grundvelli hagstæðrar stöðu í dýraheilbrigðismálum, að því er varðar gin- og klaufaveiki í Bosníu og Hersegóvinu, er rétt að skrá Bosníu og Hersegóvinu í A-dálk I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010. Þessi viðbót við A-dálk I. viðauka ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar sem leiða af öðrum ákvæðum í löggið Sambandsins, sem varða innflutning á afurðum úr dýraríkinu inn til Sambandsins og setningu þeirra á markað Sambandsins, einkum þau sem varða skráningu starfsstöðva skv. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.
- 7) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 605/2010 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ PESSA:

I. gr.

Í stað færslunnar fyrir Bosníu og Hersegóvinu í töflunni í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 605/2010 komi eftirfarandi:

„BA	Bosnía og Hersegóvina	+	+	+
-----	-----------------------	---	---	---

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Nr. 924

17. október 2018

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Jean-Claude Juncker

(¹) Stjórið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(²) Stjórið. EB L 139, 30.4.2003, bls. 206.

(³) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 605/2010 frá 2. júlí 2010 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna og varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Evrópusambandsins á hrámjólk og mjólkurðum til manneldis (Stjórið. ESB L 175, 10.7.2010, bls. 1).

B-deild – Útgáfud.: 22. október 2018